

Íslenska fyrir útlendinga

Mímir-símenntun

Íslensku námskeið:

Íslenska I	60 kennslust.	Verð: 16.900 kr.
Íslenska II	60 kennslust.	Verð: 16.900 kr.
Íslenska III	60 kennslust.	Verð: 16.900 kr.
Íslenska IV	60 kennslust.	Verð: 16.900 kr.
Íslenska V	60 kennslust.	Verð: 16.900 kr.

Íslenska talþjálfun 30 kennslust. **Verð: 8.450 kr.**

-nemendur þurfa að hafa lokið tveimur námskeiðum eða hafa sambærilega kunnáttu.

Íslenska ritun 30 kennslust. **Verð: 8.450 kr.**

-nemendur þurfa að hafa lokið fjórum námskeiðum eða hafa sambærilega kunnáttu.

Mímir-símenntun býður upp á íslenskunámskeið á fimm stigum auk sérstakra tal- og ritunarnámskeiða. Námskeiðin eru 30 eða 60 kennslustundir og standa yfir í 10 vikur. Einnig er boðið upp á hraðnámskeið í 7,5 vikur. Lögð er áhersla á að þjálfa alla þætti tungumálanáms; skilning, hlustun, tal, lestur og ritun. Megináhersla er lögð á daglegt mál og sérstakt námsefni fylgir hverju stigi. Kennt er í Skeifunni 8, Reykjavík.

Næstu íslenskunámskeið hefjast 9.mars (7,5 vika að lengd)
og 30. og 31. mars (10 vikur að lengd).

Landnemaskólinn:

Er 120 kennslustunda námskeið fyrir fólk sem er af erlendum uppruna, en hefur grunn í íslensku (hefur t.d. lokið 150 stundum í íslensku). Kennd er íslenska, samfélagsfræðsla, grunn tölvikunnátta, gerð færnimöppu og sjálfsstyrking. Hægt er að fá námið metið til 10 eininga í framhaldsskólum.

Áætlað er að Landnemaskólinn vorið 2009 hefjist 9. mars og ljúki 30. apríl. Kennt verður á mánudögum til fimmtudaga kl. 9:00-12:00 í Skeifunni 8.

Verð: 21.000 kr.

Hópráðgjöf – Europass ferilskrá:

Um er að ræða hópráðgjöf fyrir einstaklinga af erlendum uppruna sem samtals tekur 3 x2 klst. og er á mánudögum og fimmtudögum. Áhersla er lögð á að í hverjum hópi séu annaðhvort bara pólskumælandi þátttakendur eða enskumælandi. Hópráðgjöfin felst í að þátttakendur fá hvatningu og stuðning til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði og vera virkir í starfsleit. Farið er í ýmis verkefni og umræður og sjálfskönnunarlistar unnir. Einstaklingar vinna ferilskrá (Europass) á eigin tungumáli og einnig á íslensku.

Fjöldi í hverjum hópi: 8 – 10 einstaklingar. **Staðsetning: Öldugata 23.**

Fyrsti hópur 9. 12. og 16. febrúar kl. 13:00 – 15:00

Annar hópur 23. og 26. febrúar og 2. mars kl. 10:00 – 12:00

Þriðji hópur 23. og 26. febrúar og 2. mars kl. 13:00 – 15:00

Ef þörf krefur er mögulegt að setja upp fleiri námskeið.

Hópráðgjöfin er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Sjálfsstyrking og samskipti

Sjálfsstyrking og samskipti á pólsku. Um er að ræða 12 kennslustunda námskeið með tveimur kennurum. Fyrirkomulag hefur verið þannig að kennt er þrisvar sinnum, fjórar kennslustundir í hvert skipti. Samkomulag um tíma og dagsetningar. Kennt í húsnæði Mímis-símenntunar.

Þessi úrræði hafa verið boðin Vinnumiðlun/Eures fyrir atvinnulaust fólk af erlendum uppruna.